

Nd.

402. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Undanþeginn skal tekjuskatti sá hluti af hreinum tekjum skattgreiðenda, einstaklinga og félaga, sem gengur til þess að jafna rekstrartöppriggja síðustu ára og varasjóður hrekkur ekki fyrir. Skal rekstrartap hvers árs jafnað út af fyrir sig, þannig að fyrst sé jafnað tap fyrsta hallaársins af þeim þremur, sem til greina geta komið. Undanþágan kemur þó því aðeins til greina, að skattgreiðandi hafi gert fulla grein fyrir rekstrar-tapinu á framtali sínu til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð.

2. Við 10. gr. b. Síðari málsg. falli niður.